

Reglur skólagæslu í Skólaseli.

Vistun barns, eftir skráningu, hefst eftir aðstæðum í skólagæslunni á hverjum tíma. Foreldrar geta miðað við að það taki um 2 vikur að fá pláss.

Miðað skal við að 12-14 börn séu á starfsmann. Þessi viðmið um barngildi á starfsmann ákvarða hve mörg börn er hægt að taka inn á haustin og ef fjöldi umsókna fer fram yfir fjölda starfsmanna sem ráðnir eru til starfa í skólagæslunni, getur myndast tímabundinn biðlisti. Ef foreldrar vilja segja upp plássinu þá er mikilvægt að gera það fyrir 15. hvers mánaðar með tölvupósti á umsjónarmann og tekur uppsögnin þá gildi um næstu mánaðarmót.

Jafnframt er mikilvægt að tilkynna allar breytingar á dvalartíma barns, beint á netfang umsjónarmanns skólagæslunnar skolasel@gerdaskoli.is

Meta þarf, í samvinnu við sérfræðipjónustu fræðslusviðs, hvort börn þurfa sérstuðning í skólaseli. Leitast er við að veita einstaklingsmiðaða þjónustu út frá þörfum hvers og eins barns og meta hvaða þjónustu er hægt að veita börnum með þroska- eða hegðunarfrávik.

Skólasel er opið daglega eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, til kl.16:15.

Skólasel er opið frá 8:00 - 16:15 á samskiptadögum, öskudegi og íþróttadegi. Skólasel er lokað á skólaetningardeg, skólaslitadegi, starfsdögum, í vetrarfríum og á jólasamveru.

Mikilvægt er að börn séu sótt kl. 16:15.

Skólareglur Gerðaskóla gilda einnig í skólaseli.

Síminn í Skólaseli er 841 0398, netfang: skolasel@gerdaskoli.is

Umsóknareyðublöð má finna með því að smella á flipann „umsókn í skólasel“ hér fyrir neðan.